

**451. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 19. febrúar 2013 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ) og Indriði Indriðason.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir.

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboð, svo var ekki.
Oddviti bauð nýjan sveitarstjóra, Indriða Indriðason, velkominn til starfa.

Dagskrá:

- 1. 1302050 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 803.fundar stjórnar 25.janúar 2013**
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1301007F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 74.fundur 25.1.2013](#)**
1.tl. tekinn út til afgreiðslu, sveitarstjóra falið að vinna að umsókn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.
Samþykkt samhljóða.
2.tl.: Hreppsnefnd lítur málið jákvæðum augum og óskar eftir nánari útfærslu á hugmyndinni.
Samþykkt samhljóða.
3.tl. til kynningar.
- 3. 1301009F - [Fjallskilaneftnd – 10.fundur 30.1.2013](#)**
Fundargerðin staðfest.
Hreppsnefnd þakkar fráfarandi fjallskilaneftnd velunnin störf og gott samstarf.
- 4. 1302005F - [Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps – 75.fundur 14.2.2013](#)**
Lagt fram til staðfestingar.
- 5. 1301001F - [Byggingarneftnd Tálknafjarðarhrepps – 44.fundur 15.2.2013](#)**
1.tl. tekinn út til afgreiðslu. Teknar fyrir athugasemdir frá Minjastofnun, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Dýrfiski.
Byggingarneftnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að breyta tillögunni með tilliti til þeirra athugasemda sem hafa borist og felur byggingafulltrúa að auglýsa tillöguna á nýjan leik skv. 31.gr.laga nr. 123/2010.
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir ekki afgreiðslu byggingarneftndar Tálknafjarðarhrepps og gerir eftirfarandi bókun :
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps fór yfir athugasemdir sem bárust og samþykkir framkomna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps fyrir árin 2006-2018 skv.32. gr.laga nr. 123/2010 og er byggingafulltrúa falið að svara aðilum sem gerðu athugasemdir og senda Skipulagsstofnun tillöguna til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.
Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að fara í breytingu á aðalskipulagi til samræmis við athugasemdir Dýrfisks ehf í bréfi dags.19.des.2012, og vísar erindinu til skipulagsneftndar til úrvinnslu. Samþykkt samhljóða.
2.tl. Tekin fyrir skipulagslýsing vegna deiliskipulags við Norðurbotn í

Tálknafirði, er varðar fiskeldi, borholu, virkjun og rafstöðvarhús. Gerðar voru efnis- og orðalagsbreytingar. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir tillöguna og felur byggingafulltrúa hana til afgreiðslu skv. 40. gr. laga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

6. 1302004F - [Húsnæðisnefnd – 20.fundur 18.2.2013](#)

Fundargerðin staðfest.

7. 1302053 - Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 570. mál.

Ákveðið að senda ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

8. 1302031 - Fræðsla og forvarnir beiðni um styrk

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.

9. 1301027 - Ráðning sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps

Ráðningarsamningurinn lagður fram og oddvita falið að undirrita hann f.h. Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.

10. 1302032 - UMFÍ beiðni um umsóknir frá sambandsaðilum til þess að taka að sér undirbúning og framkvæmd móta.

Ákveðið að sækjast ekki eftir að halda mót. Samþykkt samhljóða.

11. 1302051 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis), 204. mál.

Engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.

12. 1302052 - Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 449. mál.

Engin umsögn send. Samþykkt samhljóða.

13. 1302036 - UMFÍ ályktun 38.sambandsráðsfundar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35.
